



VERÐLAGSSTOFA
SKIPTAVERÐS

Norsk-íslensk síld – Hráefni og afurðir

Verðsamanburður milli Íslands og Noregs

Inngangur


Norsk-íslenski síldarstofninn (NÍ-síld) er langstærstur af síldarstofnunum þremur. Hinir tveir eru íslenska sumargotssíldin og íslensk vorgotssíld. NÍ-síld hrygnir einkum við Noreg en kemur í ætisleit til Íslands á sumrin.

NÍ-síld er að mestu veidd af skipum sem flytja aflann kældan sem hráefni til frekari vinnslu og bræðslu í landi eða af vinnsluskipum sem frysta aflann um borð. Eftirfarandi eru upplýsingar um meðalverð á NÍ-síld sem er landað til frekari vinnslu til manneldis í landi eða bræðslu og afurðaverð á helstu afurðaflokkum NÍ-síld.

Norsk-íslensk síld - Hráefnisverð

Forsendur

Verðupplýsingar NÍ-síld á Íslandi eru unnar upp úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum innsendum af aflakaupa til Fiskistofu. Aðeins eru notaðar upplýsingar frá fyrirtækjum á Íslandi sem kaupa afla (hráefni) í beinum viðskiptum af innlendum skipum og sem reka landvinnslu og bræðslu. Eftirfarandi verðupplýsingar fyrir NÍ-síld í Noregi byggjast á upplýsingum frá Norges Sildesalgslag og eiga við um norsk skip sem landa NÍ-síld til frekari vinnslu eða bræðslu í Noregi. Meðalgengi (miðgengi) hvers árs NOK/ISK er notað til að skipta yfir í íslenskar krónur.




Mynd 1. Síld: Jón Baldur Hlíðberg

Hráefnisverð

Ní-síld óháð ráðstöfun

Á tímabilinu 2012 – 2019 er meðalverð á Ní-síld til vinnslu og bræðslu að meðaltali 128% hærra í Noregi en á Íslandi. Á árinu 2019 er meðalverð á Ní-síld (til bræðslu og vinnslu) 51% hærra í Noregi en á Íslandi en á því ári er minnsti munur á tímabilinu. Mesti munur á milli landanna var á árinu 2015 en þá var verð 186% hærra í Noregi.




Mynd 2. Meðalhráefnisverð á norsk-íslenski síld til vinnslu og bræðslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Hráefnisverð

Ní-síld til vinnslu

Á tímabilinu 2012 – 2019 er meðalverð á Ní-síld til vinnslu að meðaltali 125% hærra í Noregi. Mesti munurinn var árið 2015 en þá var verðið 180% hærra í Noregi. Á árinu 2019 var minnsti munur á milli landanna á tímabilinu en þá var verðið 50% hærra í Noregi en á Íslandi.




Mynd 3. Meðalhráefnisverð á norsk-íslenski síld til vinnslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Hráefnisverð

Ní-síld í bræðslu

Á tímabilinu 2012 – 2019 er meðalverð á Ní-síld til bræðslu að meðaltali um 34% hærra í Noregi. Mesti munurinn var árið 2012 en þá var verðið 57% hærra í Noregi. Árið 2016 var verð 18% hærra á Íslandi en í Noregi.




Mynd 4. Meðalhráefnisverð á norsk-íslenskri síld í bræðslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Norsk-íslensk síld - Afurðaverð


Forsendur

Upplýsingar um afurðaverð voru sóttar fyrir heilfrysta síld, síldarflök og síldarsamflök hjá Hagstofu Íslands og hagstofu Noregs fyrir árin 2012 til og með 2019. Meðalgengi (miðgengi) hvers árs NOK/ISK er notað til að skipta yfir í íslenskar krónur.

Athygli er vakin á því að afurðaflokkar fyrir Noreg eiga við um NÍ-síld en fyrir síld almennt varðandi Ísland, þar sem gögn Hagstofu Íslands aðgreina ekki í sundur veiðistofna ÍS-síldar og NÍ-síldar. Einnig má sjá meira um undirliggjandi tölur í meðfylgjandi fylgiskjali.



Mynd 5. Vinnsluflokkar uppsjávarfisks: Ice Fresh Seafood




Mynd 6. Dæmi um virðiskeðju síldar

Afurðaverð

Heilfryst síld

Meðalverð á heilfrystri síld flutt út frá Íslandi er um 8% hærra en meðalverð á sambærilegum afurðum útluttum frá Noregi yfir tímabilið. Mesti munur er árið 2017 en þá er meðalverðið 14% hærra á afurðunum frá Íslandi en frá Noregi. Noregur er rúmlega 1% hærri árið 2015 sem er minnsti munur á tímabilinu.




Mynd 7. Heilfryst síld. Afurðaverð.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Statistisk sentralbyrå

Afurðaverð

Síldarflök

Meðalverð á síldarflökum útluttum frá Noregi er að meðaltali 6% hærra en á síldarflökum sem flutt eru út frá Íslandi. Mesti munur er árið 2013 en þá er meðalverð 24% hærra á norskum afurðum.




Mynd 8. Síldarflök. Afurðaverð.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Statistisk sentralbyrå

Afurðaverð

Síldarsamflök

Meðalverð á síldarsamflökum er svipað yfir tímabilið hjá báðum löndum og er reiknaður munur um 2,2%. Mesti munur er árið 2012 en þá er meðalverð 18% hærra á norskum afurðum.



Mynd 9. Síldarsamflök. Afurðaverð.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Statistisk sentralbyrå

Tilgangur og tilurð birtingar

Verðlagsstofa skiptaverðs starfar samkvæmt lögum nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Samkvæmt 1. gr. laganna er hlutverk Verðlagsstofu að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna. Ber henni að stuðla að því að uppgjörið sé rétt og eðlilegt og er í lögnum greint nánar frá því hvaða leiðir stofnunin hefur til þess að framfylgja því.

Eitt af því sem Verðlagsstofu ber að gera til þess að sinna þessu hlutverki sínu, er að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum sundurliðuð yfirlit. Í 3. gr. laganna um Verðlagsstofu, kemur fram að stofan skuli reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best.

Í ljósi umræðu í samfélaginu um verð á uppsjávarfiski, ásamt þeim umkvörtunum sem Verðlagsstofu hefur borist, ákvað stofan að taka sérstaklega til skoðunar uppsjávarverð í Noregi. Verðlagsstofa hefur tekið saman opinberar upplýsingar um hráefnisverð og afurðaverð norsk-íslenskrar síldar í Noregi og sett í samhengi við innlent verð.

Verðlagsstofa vekur athygli á því að ólíkir þættir kunna að leiða til mismunandi verðlagningar hráefnis og afurða á milli landa. Þar hafa verið tekin dæmi um uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfis, stöðu gjaldmiðils, millifærslur í formi niðurgreiðslu og gjaldtöku hins opinbera, gæði hráefnis og aðgang að mörkuðum. Einnig er líklegt að mismunandi samningar útgerða og sjómanna, ásamt mismun á laga- og regluverki samanburðarþjóða hafi þýðingu í þessu sambandi, til dæmis er varðar sölufyrirkomulag hráefnis og samþættingu veiða og vinnslu. Athygli er auk þess vakin á því að ekki er um að ræða samanburð á launum sjómanna.

Með birtingu samanburðar á opinberum upplýsingum um verð er Verðlagsstofa skiptaverðs ekki að taka afstöðu varðandi ástæður mismunar sem gæti komið fram í verði á milli landa.